

Nr. 21-020 S 011 Tómas Þorvaldsson GK 10**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 2173
IMO: 9039779
Smíðaður: Noregur 1992, stál.
Útgerð: Þorbjörn hf.
Stærð: 2287 bt.
Mesta lengd: 66,88 m Skráð lengd: 58,80 m
Breidd: 14 m Dýpt: 8,46 m
Vél: Wartsila 3000 kW, 1992
Fjöldi skipverja: 26



Tómas Þorvaldsson©Bergþór Gunnlaugsson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. febrúar 2021 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á siglingu í Jökuldýpi. Veður: SV 15-23 m/s.

Skipverji var að fara yfir færiband á vinnsluþilfari þar sem voru tvö þrep upp og yfir það. Þegar hann stóð í þrepinu ofan á færibandinu kom brot á skipið og hann féll í þilfarið. Skipverjinn brotnaði á hægri upphandlegg og fór úr axlarlið. Siglt var með slasaða til Hafnarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að nýlega var búið að setja upp færibandið á vinnsluþilfarið en láðst hafði að setja upp handrið við gönguleið yfir það;
- að handrið var sett upp við færibandið strax eftir slysið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til ófullnægjandi starfsumhverfis með tilliti til öryggis skipverja.